



# ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

**Sýslumaðurinn á Ísafirði**  
**Hafnarstræti 1**  
**400 Ísafjörður**

Ísafjörður, 10. mars 2017  
2017020017

## **Efni: Umsögn um rekstrarleyfi - Gemlufall**

Eftirfarandi erindi barst frá Sýslumanninum á Ísafirði, þann 03.03.2017, þar sem umsagnar Ísafjarðarbæjar á umsókn Jóns Skúlasonar, um rekstrarleyfi fyrir gistiheimili í flokkir III að Gemlufalli, Dýrafirði, Ísafjarðarbæ. Ekki er tekið fram í umsókn fjöldi gesta.

Flokkur III. Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum.

Tegund gististaðar C, Minna gistiheimili:

Gististaður með takmarkaða þjónustu. Getur verið gisting á einkaheimili. Ekki er gerð krafa um handlaug í herbergjum. Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni aðstöðu.

Tegund veitingastaðar sem sótt er um C & E.

### Skilgreining C: Veitingastofa og greiðasala

Veitingarstaður með fábreyttar veitingar í mat og/eða drykk. Á slíkum stöðum er takmarkörkuð þjónusta og/eða gestir afgreiða sig sjálfir að hluta eða öllu leiti. Hér falla undir t.d. mötuneyti og skyndistaðir og einnig söluskálar með aðstöðu til neyslu veitinga.

### Skilgreining E: Kaffihús

Veitingastaður með einfaldar veitingar í mat og/eða drykk þar sem aðaláhersla er lögð á kaffiveitingar. Hér undir falla t.d. bakarí sem hafa aðstöðu til veitinga á staðnum.

Gert er ráð fyrir veitingum sbr. umsókn.

Gemlufall, Dýrafyrði, Ísafjarðarbæ er lögbýli í ábúð og er á svæði sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Í stefnu Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er eitt af markmiðunum er m.a. að efla tengsl og ferðaþjónustu.

Húsið er skráð á byggingastig 7 og matsstig 7 sem er fullkláruð bygging.

Heilbrigðiseftirlit gerir ekki athugasemd með vísan í umsögn HEV dags. 12.04.2017



# ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður

Símanúmer: 450 9008 | www.isafjordur.is

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemd með vísan í umsögn dags. 30.05.2017

Að teknu tilliti til umsagna Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar gerir embætti byggingafulltrúa ekki athugasemd við umsókn.

Virðingarfyllst,

  
Áxel Rodríguez Óverby  
- skipulags- og byggingarfulltrúi -  
